

Alþingi  
Erindi nr. P 136/593  
komudagur 17.12.2008



Alþingi, Efnahags- og skattanefnd  
Pétur Blöndal, formaður  
150 REYKJAVÍK

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ


Arnarhvíli 150 Reykjavík  
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280  
netfang: postur@fjr.stjr.is  
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík 17. desember 2008  
Tilv.: FJR08120078/310-13

Meðfylgjandi er minnisblað um breytingar á tekjugrein fjárlagafrumvarps 2009 við 2. umræðu.

Fyrir hönd ráðherra

  
Þorsteinn Þorgeirsson

  
Elín Guðjónsdóttir

Fylgiskj.: Breytingar á tekjugrein fjárlagafrumvarps 2009 við 2. umræðu



## Breytingar á tekjugrein fjárlagafrumvarps 2009 við 2. umræðu

Minnisblað þetta gerir grein fyrir helstu forsendum og breytingum í tekjugrein fjárlagafrumvarps 2009 við 2. umræðu. Ekki er venja að greinargerð fylgi breytingum á tekjum við 2. umræðu fjárlaga en þar sem óvenju miklar breytingar hafa orðið á þjóðhagsforsendum og tekjuáætlun frá því fjárlagafrumvarp 2009 var lagt fram 1. okt. sl. þykir ástæða til að skýra breytingarnar sérstaklega. Þá ber að nefna að uppfærðar þjóðhagsforsendur og tekjuáætlun voru unnar af fjármálaráðuneytinu í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

**Uppfærð tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2009.** Uppfærð tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2009 er byggð á uppfærðum þjóðhagsforsendum og öðrum forsendum fjárlaga sem fjármálaráðuneytið hefur unnið í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og hægt er að sjá á vefsíðu Seðlabankans.

**Yfirlit.** Samkvæmt uppfærðri tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins verða heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2009 rúmir 395,8 milljarðar króna, 65,3 milljörðum minni en á árinu 2008. Samdrátturinn nemur 14,2% að nafnvirði en 24,6% umfram verðbólgu, sem spáð er að verði 13,8% á næsta ári. Miðað við fjárlagafrumvarp 2009 dragast heildartekjur ríkissjóðs saman um 54,6 milljarða króna. Áætlað er að skatttekjur verði 357,7 milljarðar og dragist saman um 48,9 milljarða milli ára en 42,0 milljarða frá fjárlagafrumvarpi 2009. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu tekjuliðum.

**Skattar á tekjur og hagnað.** Gert er ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað nemi alls 126,3 milljörðum króna á árinu 2009 og lækki um tæpa 36 milljarða frá árinu 2008 en tæpa 16 milljarða króna frá fjárlagafrumvarpi 2009.

**Tekjuskattur einstaklinga.** Áætlað er að tekjuskattur einstaklinga skili 87,2 milljörðum króna og lækki um 2,1 milljarð á milli ára. Hér vegast á annars vegar hækkun skatthlutfalls tekjuskatts, úr 22,75% í 23,75%, og hins vegar hækkun persónuafsláttar ásamt spá um meira atvinnuleysi og minni hækkun launa en reiknað var með í haust. Persónuafsláttur hækkar um 24.000 kr./ári í ársbyrjun 2009 að viðbætti verðlagshækkun frá upphafi til loka ársins 2008, sem nú er spáð að verði 20,5%. Persónuafsláttur verður meiri á árinu 2009 en áður var reiknað með vegna verðbólguþróunar á síðustu mánuðum ársins. Í frumvarpi var reiknað með að hann yrði tæpar 483 þús.kr. en nú er reiknað með rúmlega 516 þús.kr. á mann á ári. Þá er reiknað með að nafnlaunahækkun milli árana 2008 og 2009 verði innan við 1% í stað 6% áður. Varðandi fjölda starfandi fólks var reiknað með um 1% fækkun í haust, en nú er ljóst að sú fækkun verður mun meiri. Þó er ekki miðað við það í þessum útreikningum heldur fjölda á grunnskrá framteljenda þar sem þeir sem missa atvinnu og launatekjur fá í staðinn bætur sem eru skattskyldar. Gert er ráð fyrir smávægilegri fækkun á skattgrunnskrá, sem er samspil náttúrulegrar fjölgunar einstaklinga á starfsaldri og brottfluttra. Mikið af greiðslum úr bóta-kerfinu og lífeyrissjóðum mun halda nafnverði sínu betur en launin og er það stór hluti tekjuskattsstofnsins.

falkur veir  
mun meiri  
(grunnskrá  
famtel. vdr)  
bælu 2008-  
100000

mikið af vildum charact. kerfinu  
o

Tekjuáætlun ríkissjóðs: framsetning skv. töflu 3 í töfluviðauka fjárlaga	2007	2008		2009			Breyting við 2. umr. á áætlun um árið 2009		Breyting milli ára 2008-2009	
	ríkis-reikn.	fjárlög	fjáruka-laga-frumvarp	fjárlaga frum-varp	frum-varp við 2. umr.	fjár-lög	kr.	%	kr.	raun, %
<b>Rekstrargrunnur</b>										
<b>I Skatttekjur</b>	408.997	430.425	406.640	399.763	357.713	...	-42.050	-10,5	-48.927	-22,7
Skattar á tekjur og hagnað	154.622	177.969	162.188	142.230	126.304	...	-15.926	-11,2	-35.884	-31,6
Einstaklingar	114.466	128.500	123.594	111.000	101.113	...	-9.887	-8,9	-22.481	-28,1
Tekjuskattur einstaklinga	85.564	93.500	89.271	87.500	87.182	...	-318	-0,4	-2.089	-14,2
Serstakur tekjuskattur einstaklinga	-43	0	0	0	0	...	0	.	0	.
Skattur á fjármagnstekjur	28.945	35.000	34.323	23.500	13.931	...	-9.569	-40,7	-20.392	-64,3
Lögaðilar	36.584	45.500	34.000	27.200	22.100	...	-5.100	-18,8	-11.900	-42,9
Ótalið annars staðar	3.572	3.969	4.594	4.030	3.091	...	-939	-23,3	-1.503	-40,9
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	2.442	2.665	3.249	2.635	1.696	...	-939	-35,6	-1.553	-54,1
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.130	1.304	1.345	1.395	1.395	...	0	0,0	50	-8,9
Tryggingagjöld	38.902	42.807	40.431	42.033	39.819	...	-2.214	-5,3	-613	-13,5
Eignarskattar	11.956	11.723	7.803	8.449	7.063	...	-1.386	-16,4	-740	-20,5
Skattar á vörur og þjónustu	200.732	196.228	193.128	203.427	180.947	...	-22.480	-11,1	-12.181	-17,7
Virðisaukaskattur	137.710	138.000	135.899	145.100	128.196	...	-16.904	-11,6	-7.703	-17,1
Almenn vörugjöld	19.281	18.918	18.774	20.020	19.243	...	-777	-3,9	469	-9,9
Vörugjald af okutækjum	11.208	8.150	7.429	5.530	2.103	...	-3.427	-62,0	-5.326	-75,1
Almennt vörugjald af bensini	1.948	2.100	1.890	2.150	2.020	...	-130	-6,0	130	-6,1
Sérstakt vörugjald af bensini	7.220	7.420	6.903	7.653	7.377	...	-276	-3,6	474	-6,1
Oliugjald	6.224	6.030	6.195	7.003	6.481	...	-522	-7,5	286	-8,1
Aðrir sértækir veltuskattar	7.899	7.382	8.178	7.184	7.294	...	110	1,5	-884	-21,6
Bísfreiðagjald	4.435	4.610	4.690	5.420	5.193	...	-227	-4,2	503	-2,7
Þungaskattur/kilómetragjald	1.341	1.280	1.374	1.527	1.397	...	-130	-8,5	23	-10,7
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	3.466	2.339	1.796	1.841	1.644	...	-197	-10,7	-153	-19,6
Aðrir skattar	2.786	1.698	3.090	3.624	3.581	...	-43	-1,2	491	1,8
<b>II Aðrar rekstrartekjur</b>	39.555	36.369	51.134	45.921	33.356	...	-12.565	-27,4	-17.778	-42,7
Arðgreiðslur	3.581	1.557	1.651	2.130	2.130	...	0	0,0	479	13,4
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	25.011	25.382	39.668	33.458	22.288	...	-11.170	-33,4	-17.380	-50,6
Neyslu- og leyfisgjöld	8.407	8.330	8.250	8.713	7.319	...	-1.394	-16,0	-931	-22,0
Annað	2.556	1.101	1.566	1.620	1.620	...	0	0,0	54	-9,1
<b>III Sala eigna</b>	20.480	5.200	2.000	3.300	3.300	...	0	0,0	1.300	45,0
<b>IV Fjármagnstilfærslur</b>	0	0	0	0	0	...	0	.	0	.
<b>V Fjárframlög</b>	2.251	1.446	1.358	1.486	1.452	...	-34	-2,3	94	-6,0
<b>VI Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja</b>	14.845	0	0	0	0	...	0	.	0	.
<b>Heildartekjur ríkissjóðs</b>	<b>486.129</b>	<b>473.440</b>	<b>461.132</b>	<b>450.470</b>	<b>395.822</b>	...	<b>-54.648</b>	<b>-12,1</b>	<b>-65.310</b>	<b>-24,6</b>

**Fjármagnstekjuskattur einstaklinga.** Fjármagnstekjuskattur einstaklinga er áætlaður 13,9 milljarðar króna, sem er lækkun upp á 9,6 milljarða króna, eða 41% frá fjárlagafrumvarpi 2009. Söluhagnaður af hlutabréfum var 58% fjármagnstekjuskattstofnsins í síðustu álagningu. Mikið vægi þess liðar eykur óvissu við áætlun skattsins en aðrir hlutar stofnsins eru ekki jafn sveifflugjarnir. Ný áætlun fyrir árið 2008 er grunnur áætlunarinnar fyrir árið 2009. Munur er á breytingum frá frumvarpi eftir því hvort um greiðslugrunn eða rekstrargrunn er að ræða. Muninn má helst skýra með því að helstu undirliðir skattstofnsins eru áætlaðir hver fyrir sig, en skattstofn ársins 2009 á rekstrargrunni samanstendur af tekjum af arði, söluhagnaði og

leigu á árinu 2008 og að hluta vaxtatekjum ársins 2008, og vaxtatekjum af bankainnstæðum á árinu 2009. Á greiðslugrunni 2009 eru það allar fjármagnstekjur ársins 2008 sem mynda skattstofninn. Reiknað er með miklum samdrætti veigamestu undirliðanna; söluhagnaðar, arðs og vaxta af verðbréfum, á árinu 2008 og frekari samdrætti á árinu 2009. Vextir af banka- innstæðum hafa hins vegar aukist á árinu 2008 og er reiknað með að þær nær tvöfaldist miðað við árið 2007, og breytist lítið á árinu 2009. Leigutekjur eru taldar aukast nokkuð bæði árin, en vægi þeirra er lítið þótt það verði hlutfallslega meira með mjög breyttri samsetningu skattstofnsins árið 2009.

**Tekjuskattur lögaðila.** Þessi skattstofn er mjög háður hagsveiflunni og er spáð að dragast hratt saman í þeirri niðursveiflu sem nú er hafin. Skatthlutfallið var lækkað úr 18% í 15% með lögum nr. 61/2008 en tekjur rekstrarársins 2008 mynda álagningarstofn lögaðila og skatttekjur hjá ríkissjóði á árinu 2009. Áætlað er að tekjuskattur lögaðila skili um 22,1 milljarði í tekjur árið 2009, sem er lækkun um 5,1 milljarð króna frá fjárlagafrumvarpi 2009. Ekki er lengur reiknað með að stærstu þrír viðskiptabankarnir greiði tekjuskatt á árinu 2009 vegna tekna ársins 2008. Óvissa er mikil um tekjuskattstofn fyrirtækja af rekstri ársins 2008 í flestum atvinnugreinum.

**Tryggingagjöld.** Gert er ráð fyrir að tryggingagjöld nemi 39,8 milljörðum króna og lækki um 2,2 milljarða króna frá fjárlagafrumvarpi 2009. Við mat á gjaldstofninum eru notaðar margar sömu forsendur og við mat á tekjuskattstofni einstaklinga.

**Eignarskattar.** Hér er einkum um erfðafjárskatt og stimpilgjöld að ræða. Áætlað er að eignarskattar nemi 7,1 milljörðum króna 2009 og lækki um 1,4 milljarða króna frá fjárlagafrumvarpi 2009. Innheimta erfðafjárskatts árið 2008 var mun lakari en árið 2007 og lækkun áætlunar fyrir árið 2008 hefur áhrif til lækkunar á áætlun ársins 2009. Reiknað er með 5% nafnsamdrætti skattsins milli árána 2008 og 2009. Við áætlun stimpilgjalds er reiknað með minna nafnvirði veltu í fasteignaviðskiptum en í frumvarpi. Reiknað er með áhrifum nýsamþykkrar breytingar á lögum um stimpilgjald sem gerð var til að aðstoða fólk í greiðslu- vanda vegna húsnæðisveðlána.

**Skattar á vöru og þjónustu.** Virðisaukaskattur, vörugjöld og aðrir skattar á vöru og þjónustu nema 180,9 milljörðum króna og lækka um 22,5 milljarða króna frá fjárlagafrumvarpi 2009. Áætlunin er byggð á spá um þróun einkaneyslu, innflutnings og annarra hagstærða, en í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði neikvæður um 9,6% á árinu 2009 og þjóðarútgjöld dragist saman um tæp 20%.

**Virðisaukaskattur.** Þriðjungur af skatttekjum ríkissjóðs kemur af virðisaukaskatti. Stærstur hluti þess kemur af einkaneyslu en spáð er að hún dragist saman um 23,8% á næsta ári. Aðrir ráðstöfunarliðir; samneysla og fjárfesting, aðföng til undanþegins atvinnurekstrar og neysla erlendra ferðamanna, eru að baki verulegum hluta skattsins eða yfir 40%. Áætlað er að virðisaukaskattur nemi 128,2 milljörðum króna og lækki um 16,9 milljarða króna frá fjárlagafrumvarpi, eða um 17,1% að raungildi frá fyrra ári.

**Vörugjöld af ökutækjum.** Reiknað er með miklum samdrætti í innheimtu vörugjalda af ökutækjum á næsta ári vegna breyttra þjóðhagsforsendna. Gert er ráð fyrir að aðeins verði flutt til landsins um 3.400 ökutæki og að meðalvörugjald á hvert ökutæki lækki milli ára. Gangi þetta eftir munu vörugjöld af ökutækjum nema 2,1 milljarði króna, sem er lækkun um 3,4 milljarða frá fjárlagafrumvarpi 2009.

**Vörugjöld af bensíni og olíugjald.** Vörugjöld af bensíni eru tvenns konar, annars vegar almennt vörugjald sem rennur í ríkissjóð og hins vegar sérstakt vörugjald sem rennur til vegamála. Olíugjald rennur einnig til vegamála og eru öll gjöldin föst fjárhæð á hvern lítra bensíns eða olíu. Gert er ráð fyrir að breyting verði gerð á fyrirkomulagi gjalda á ökutæki og eldsneyti en heildarskatttekjur af eldsneyti og ökutækjum haldi raungildi sínu. Reiknað er með 12,5% hækkun gjaldskrár í ársbyrjun 2009. Gert er ráð fyrir að bensínsala dragist saman um 5% að magni til og olíusala um 7%. Bensíngjöldin munu samkvæmt því nema samanlagt 9,4 milljörðum króna og olíugjald 6,5 milljörðum króna. Samanlagt er um að ræða lækkun um 0,9 milljarða króna frá fjárlagafrumvarpi 2009.

**Áfengisgjald og tóbaksgjald.** Reiknað er með 12,5% hækkun þessara gjalda í ársbyrjun 2009 og um 10% magnsamdrætti í sölu áfengis og nokkrum samdrætti í tóbakssölu. Áætlað er að áfengisgjald muni skila 8,1 milljörðum króna en tóbaksgjald 4,2 milljörðum króna, sem er samtals lækkun upp á 0,8 milljarða króna frá fjárlagafrumvarpi 2009.

**Bifreiðagjald og kílómetragjald.** Kílómetragjald er lagt á bifreiðir sem vega 10 tonn og þar yfir og rennur það til vegamála. Reiknað er með 12,5% hækkun gjaldskrár um kílómetragjald í ársbyrjun. Miðað er við að akstur dragist saman um 9,6% milli ára og að tekjur af kílómetragjaldi verði 1,4 milljarðar króna. Bifreiðagjöld taka einnig 12,5% hækkun og eru áætluð 5,2 milljarðar króna. Samanlögð lækkun er upp á 0,4 milljarða króna frá fjárlagafrumvarpi 2009.

**Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld.** Þessi liður nær yfir ýmis neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld og er talinn munu skila 1,6 milljörðum króna sem er lækkun upp á 0,2 milljarða frá fjárlagafrumvarpi 2009.

**Aðrar rekstrartekjur.** Áætlað er að aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs nemi alls tæpum 33,4 milljörðum króna 2009 sem er 12,6 milljarða lækkun frá fjárlagafrumvarpi 2009. Arðgreiðslur verða 2,1 milljarður 2009 sem er óbreytt frá fjárlagafrumvarpi 2009. Vaxtatekjur eru áætlaðar 22,3 milljarðar og lækka um 11,2 milljarða frá fjárlagafrumvarpi 2009. Ýmis neyslu- og leyfisgjöld sem ekki teljast til skatta eru talin munu nema 7,3 milljörðum sem er lækkun um 1,4 milljarða króna frá fjárlagafrumvarpi 2009.

**Vaxtatekjur.** Gert er ráð fyrir því að 1maEUR lánið sem ríkissjóður tók í desember 2006 og veitti áfram til Seðlabanka verði felld niður hjá Seðlabanka og andvirði þess nýtt til að taka yfir tryggingabréf sem Seðlabankinn hefur að veði fyrir veð- og daglán sín. Tryggingabréfin, sem eru ýmis markaðshæf bréf, t.d. ríkisbréf og húsbref, verða notuð sem greiðsla inn á eigið fé nýju bankanna. Áður fékk ríkissjóður vaxtatekjur frá Seðlabanka sem mætti vaxtagjöldum ríkissjóðs vegna lántökunnar en eftir þessa aðgerð standa vaxtagjöld ríkisins eftir. Vaxtagreiðslan nemur 37,5 mEUR á ári. Um vexti af innstæðum: Nú er gert ráð fyrir að meðalstaða 2009 inn á reikningum hjá Seðlabanka verði lægri og að auki var reiknað með vaxtatekjum af innstæðum á innlendum gjaldeyrisreikningum vegna erlendrar skammtímalántöku ríkissjóðs en nú er gert ráð fyrir að engar slíkar lántökur verði á árinu 2009. Á móti verður lækkun á vaxtagjöldum ríkissjóðs.

**Sala eigna.** Gert er ráð fyrir að tekjur af sölu fasteigna, jarða og annarra eigna nemi 3,3 milljörðum króna árið 2009, sem er óbreytt frá fjárlagafrumvarpi 2009.

**Fjárframlög.** Gert er ráð fyrir að fjárframlög frá opinberum aðilum nemi 1,5 milljörðum króna sem er óbreytt frá fjárlagafrumvarpi 2009.

## Viðauki: Helstu þjóðhagsforsendur 2008 og 2009

	Milljarðar króna			Magnbreyting (%)		
	Fjáruka- lagafrum- varp 2008	Fjárlagafrumvarp 2009		Fjáruka- lagafrum- varp 2008	Fjárlagafrumvarp 2009	
	des. 2008	okt.08	2. umr. des. 2008	des. 2008	okt.08	2. umr. des. 2008
	2008	2009	2009	2008	2009	2009
<b>Þjóðhagsyfirlit</b>						
Einkaneysla	778,9	825,2	684,6	-8,4	-4,7	-23,7
Samneysla	373,5	354,7	400,7	3,8	3,8	2,9
Fjármunamyndun	331,5	366,0	249,9	-21,8	-3,0	-32,2
Þjóðarútgjöld	1.489,8	1.575,3	1.331,9	-9,3	-3,1	-19,6
Útflutningur alls	724,0	634,6	885,1	12,4	0,5	2,7
Innflutningur alls	693,4	667,7	646,9	-15,2	-1,6	-22,3
<b>Verg landsframleiðsla</b>	<b>1.510,1</b>	<b>1.542,3</b>	<b>1.570,1</b>	<b>1,0</b>	<b>-1,6</b>	<b>-9,6</b>
Viðskiptajöfnuður (% af VLF)	-188,2	-126,4	-101,6	-12,5	-8,2	-6,5
<b>Minnisatriði</b>						
Visitale neysliverðs	.	.	.	13,2	5,7	13,8
Gengisvísitala - breyting	.	.	.	41,3	-3,0	16,1
Atvinnuleysi	.	.	.	1,3	2,7	5,7
Launavísitala	.	.	.	8,7	6,0	0,6
× Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	.	.	.	-9,5	-1,4	-12,6
Ráðstöfunartekjur á mann	.	.	.	2,4	4,2	-0,5

